



AKUREYRARBÆR - HÚSAKÖNNUN LAXAGATA - HÓLABRAUT

ÚTGÁFA 0.0
11.03.2011

UNNIÐ FYRIR AKUREYRARBÆ



hönnun - skipulag

Akureyrarbær – húsakönnun

Laxagata – Hólabraut

Húsakönnunin er unnin að beiðni Skipulagsdeildar Akureyrarbæjar samhliða breytingu á hluta af gildandi deiliskipulagi norðurhluta miðbæjar Akureyrar. Húsakönnun þessi nær til allra húsa við Hólabraut og Laxagötu auk húss nr. 7 við Gránufélagsgötu eins og sýnt er á meðfylgjandi forsiðuuppdraetti. Gildandi deiliskipulag tekur til allra áðurnefndra húsa en breyting á deiliskipulagi nær ekki til húsa nr. 15, 17 og 19 við Hólabraut og húss nr. 7 við Gránufélagsgötu.

Við gerð deiliskipulags eldri hverfa (deiliskipulagsbreytingar í þessu tilfelli) ber samkvæmt skipulagslögum að láta fara fram húsakönnun þar sem lagt er mat á varðveislugildi byggðarinnar. Í því tilviki sem hér um ræðir er ljóst að breyting á deiliskipulagi stefnir ekki í hættu þeirri byggð sem fyrir er á svæðinu. Í gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir að hús nr. 7 við Gránufélagsgötu víki.

Óhjákvæmilegt er að skoða byggðina á svæðinu í heild þar sem gildi einstakra húsa verður alltaf að vega og meta með tilliti til framlags þeirra til varðveislu heildarinnar s.s. götummynda.

Þess ber að geta að heildstæð söguleg samantekt á skipulagi og skipulagshugmyndum fyrir norðurhluta miðbæjar Akureyrar er ekki til og vegna tímaskorts var ekki hægt að leggjast í nákvæmar rannsóknir á svæðinu sem til skoðunar er.

Byggingarár húsa eru í könnun þessari tilgreind samkvæmt skrá Fasteignamats ríkisins (FMR) og skulu ártöl tekin með fyrirvara, þar sem reynslan hefur sýnt að oft ber skráningum um byggingarár ekki saman. Uppgefinn fjöldi íbúða er einnig samkvæmt skráningu FMR, sem segir ekki til um hvort íbúðir eru samþykktar eða ekki. Eins er í einstaka tilvikum óljóst hvort tilgreindir höfundar húsa eru höfundar upphaflegra teikninga.

Svæðið einkennist af stakstæðum (í tveimur tilfellum sambyggðum) íbúðarhúsum með 1-4 íbúðum í hverju húsi. Mörg hús á svæðinu eru 2-3 hæðir með sér íbúð á hverri hæð.

Ástand húsa er fremur gott og hverfið er nokkuð heilsteypt, þótt á því séu undantekningar. Nokkuð skortir á góðan frágang einstakra húsa og lóða. Öll hús við Hólabraut eru steinsteypt en við Laxagötu er nokkuð jöfn skipting steinsteyptra húsa og timburhúsa.

Ekki þykir ástæða til að leggja til verndun eða friðun húsa á svæðinu, þótt fjöldi húsa geti talist fyrirtaks fulltrúar þess tíma sem þau eru byggð á.

Mikilvægt er að tekið verði tillit til byggingarstíls húsa ef gerðar eru á þeim breytingar eða byggt er við þau. Einnig að viðbyggingar og breytingar á húsum, svo og nýbyggingar, falli vel að mælikvarða og hlutföllum þeirrar byggðar sem fyrir er á svæðinu.

Árið 1979 var unnin skýrsla um varðveislu og húsvernd fyrir miðbæ Akureyrar í tengslum við tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir miðbæ Akureyrar. Í þessari skýrslu voru tekin fyrir fimm hús við Laxagötu sem byggð voru á árunum 1929-1935. Fjögur þessara húsa standa í dag og eru það hús nr. 2, 5, 6 og 8 en hús nr. 1 við Laxagötu hefur verið fjarlægð. Í skýrslunni er byggingarsögulegt gildi húsanna talið afar takmarkað en talið að þau hafi talsvert gildi fyrir umhverfi sitt. Bent er á í skýrslunni að við Lundargötu og Norðurgötu er hverfi sem er búið sömu kostum og Laxagata en að það hverfi hafi auk þess byggingarsögulegt gildi sem Laxagata hefur ekki. Þess ber að geta að síðan þessi skýrsla var gerð árið 1979 hafa áherslur breyst mikið í húsverndarmálum og áherslan hefur verið að færast frá einstökum húsum yfir á varðveislu menningarsögulegra heilda, þ.e. götummynda, húsapýrpinga eða hverfa.

Árið 1927 var fyrsta aðalskipulag Akureyrar samþykkt og staðfest en aðalhöfundar þess voru Guðjón Samúelsson og Guðmundur Hannesson. Skv. þessu fyrsta aðalskipulagi átti byggðin í og við miðbæinn að vera þétt og fremur lágreist og ekki hærri en tveggja hæða. Í þessu skipulagi er gert ráð fyrir Hólabraut og Laxagötu og hefur byggð við göturnar að mestu leyti byggst upp í samræmi við þetta skipulag.



Hluti aðalskipulags Akureyrar 1927

Unnið fyrir Akureyrarbæ í mars 2011

Ómar Ívarsson, skipulagsfræðingur sffí
X2 hönnun – skipulag ehf.



hönnun - skipulag

kaupangi v/mýrarveg | 600 akureyri | 460 4440 | www.x2.is | x2@x2.is
ingvar ívarsson landslagsarkitekt flá | ómar ívarsson skipulagsfræðingur sffí
460 4442 | 663 5518 | ingvar@x2.is | 460 4441 | 663 0617 | omar@x2.is



Hólabraut 15 (hús Sigurbjargar Pálsdóttur)

<i>Byggingarár:</i>	1931	<i>Hönnuður:</i>	Ókunnur
<i>Aðal byggingarefni:</i>	Steinsteypa	<i>Klæðning:</i>	Múrsléttað
<i>Þakgerð:</i>	Mænisþak, kvistur	<i>Þakklæðning:</i>	Bárujárn
<i>Undirstöður:</i>	Steinsteypur	<i>Útlit:</i>	Tvílyft, kjallari, ris
<i>Notkun:</i>	Íbúðir (4)		

Lýsing: Húsið er tvílyft steinsteyppt hús með kjallara og risi, byggt árið 1931 fyrir Sigurbjörgu Pálsdóttur en hönnuður er ókunnur. Húsið er svo til óbreytt frá upprunalegri gerð og er ástand hússins nokkuð gott.

Varðveislumat:

Umhverfislugildi:

Hefur gildi fyrir götummynd Hólabrautar vestanverðar og þennan hluta miðbæjarins þar sem húsið er reislulegt og stendur á áberandi stað á horni Hólabrautar og Gránufélagsgötu.

Upprunaleg gerð:

Húsið er nánast óbreytt frá upprunalegri gerð.

Varðveislugildi:

Húsið er hluti af þeirri húsaröð sem varð til eftir aðalskipulaginu frá árinu 1927. Talið er að húsið hafi mikið varðveislugildi staðsett á þessum áberandi stað við miðbæ Akureyrar.



Hólabraut 16

<i>Byggingarár:</i>	1948 / 1953	<i>Hönnuður:</i>	Guðmundur Tómasson / Snorri Guðmundsson
<i>Aðal byggingarefni:</i>	Steinsteypa	<i>Klæðning:</i>	Múrléttað
<i>Þakgerð:</i>	Slétt þak / Valmaþak	<i>Þakklæðning:</i>	Dúkur / Bárújárn
<i>Undirstöður:</i>	Steinsteyptar	<i>Útlit:</i>	Tvílyft, svalir
<i>Notkun:</i>	Verslun og íbúð (1)		

Lýsing: Fyrsti hluti hússins er tvílyft steinsteypt hús með flötu þaki sem byggt var árið 1948 eftir teikningum Guðmundar Tómassonar. Árið 1953 var byggt við húsið til austurs og er það einnig tvílyft en með risi og valmaþaki. Hönnuður viðbyggingar var Snorri Guðmundsson. Árið 1986 var byggt við upprunalegt hús viðbygging á einni hæð til suðurs með flötu þaki sem nýtist einnig sem svalir fyrir efri hæð. Hönnuðir voru Ásmundur Harðarson og Karl-Eric Rocksén. Ástand hússins er mjög gott.

Varðveislumat:

Umhverfisgildi:

Hefur gildi fyrir götummynd Hólabrautar austanverðar.

Upprunaleg gerð:

Húsið er töluvert breytt frá upprunalegri gerð vegna viðbygginga við húsið.

Varðveislugildi:

Húsið hefur nokkuð menningarsögulegt gildi þar sem Súkkulaðiverksmiðjan Linda var stofnuð í húsinu árið 1949 og hafði þar starfsemi sína til ársins 1961. Ekki er talið að varðveislugildi hússins sé verulegt umfram önnur hús í húsaröðinni austan Hólabrautar, en húsaröðin í heild sinni hefur nokkuð gildi.



Hólabraut 17 (hús Olgeirs og Þórhalls Guðmundssona)

<i>Byggingarár:</i>	1933	<i>Hönnuður:</i>	Olgeir Guðmundsson
<i>Aðal byggingarefni:</i>	Steinsteyppa	<i>Klæðning:</i>	Múrsléttað/munstruð múrhúð
<i>Þakgerð:</i>	Mænisþak, kvistur	<i>Þakklæðning:</i>	Bárujárn
<i>Undirstöður:</i>	Steinsteyptar	<i>Útlit:</i>	Einlyft, kjallari, ris
<i>Notkun:</i>	Íbúðir (2)		

Lýsing: Húsið er einlyft steinsteypt hús með kjallara og risi, byggt árið 1933 fyrir Olgeir og Þórhall Guðmundssyni eftir teikningum Olgeirs Guðmundssonar. Húsið er svo til óbreytt frá upprunalegri gerð og er ástand hússins nokkuð gott.

Varðveislumat:

<i>Umhverfisgildi:</i>	Hefur gildi fyrir götumynd Hólabrautar vestanverðar.
<i>Upprunaleg gerð:</i>	Húsið er nánast óbreytt frá upprunalegri gerð.
<i>Varðveislugildi:</i>	Talið er að húsið hafi nokkuð varðveislugildi en húsið myndar fallega ásynd með Hólabraut 15 en húsin eru byggð í álíka byggingarstíl.



Hólabraut 18

<i>Byggingarár:</i>	1944	<i>Hönnuður:</i>	Guðmundur Tómasson
<i>Aðal byggingarefni:</i>	Steinsteyppa	<i>Klæðning:</i>	Múrsléttað
<i>Þakgerð:</i>	Valmaþak	<i>Þakklæðning:</i>	Bárujárn
<i>Undirstöður:</i>	Steinsteyptar	<i>Útlit:</i>	Tvílyft, svalir
<i>Notkun:</i>	Íbúðir (4)		

Lýsing: Húsið er tvílyft steinsteypt hús, byggt árið 1944 eftir teikningum Tryggva Jónatanssonar. Árið 1955 var byggð viðbygging við húsið til suðurs og með því var húsið sambyggt Hólabraut 16. Við byggingin er í sama stíl og upprunalegt hús og er hún einnig á tveimur hæðum. Viðbygging var hönnuð af Guðmundi Gunnarssyni. Árið 1958 var byggð bílgeymsla norðan við húsið og er hún steinsteypt á einni hæð með flötu þaki. Húsið er svo til óbreytt frá upprunalegri gerð og er ástand hússins gott.

Varðveislumat:

<i>Umhverfisgildi:</i>	Hefur gildi fyrir götmynd Hólabrautar austanverðar.
<i>Upprunaleg gerð:</i>	Húsið er nánast óbreytt frá upprunalegri gerð.
<i>Varðveislugildi:</i>	Ekki er talið að varðveislugildi hússins sé verulegt umfram önnur hús í húsaröðinni austan Hólabrautar, en húsaröðin í heild sinni hefur nokkuð gildi.



Hólabraut 19

<i>Byggingarár:</i>	1945	<i>Hönnuður:</i>	Guðmundur Tómasson
<i>Aðal byggingarefni:</i>	Steinsteypa	<i>Klæðning:</i>	Steining (steinmulningur)
<i>Þakgerð:</i>	Valmaþak	<i>Þakklæðning:</i>	Bárujárn
<i>Undirstöður:</i>	Steinsteypur	<i>Útlit:</i>	Tvílyft, svalir
<i>Notkun:</i>	Íbúðir (2)		

Lýsing: Húsið er tvílyft steinsteyppt hús, byggt árið 1945 eftir teikningum Guðmundar Tómassonar. Steinmulningur er utan á húsinu en í seinni tíð hefur verið málað yfir steinmulninginn. Húsið er svo til óbreytt frá upprunalegri gerð og er ástand hússins nokkuð gott.

Varðveislumat:

Umhverfisgildi: Hefur óverulegt gildi fyrir götummynd Hólabrautar þar sem húsið er ekki í sama byggingarstíl og önnur hús vestan götunar.

Upprunaleg gerð: Húsið er nánast óbreytt frá upprunalegri gerð.

Varðveislugildi: Ekki er talið að varðveislugildi hússins mikið og er það talið minna en annarra húsa vestan götunar.



Hólabraut 20

<i>Byggingarár:</i>	1945	<i>Hönnuður:</i>	Guðmundur Gunnarsson
<i>Aðal byggingarefni:</i>	Steinsteypa	<i>Klæðning:</i>	Múrsléttað
<i>Þakgerð:</i>	Valmaþak	<i>Þakklæðning:</i>	Bárujárn
<i>Undirstöður:</i>	Steinsteypur	<i>Útlit:</i>	Tvílyft, svalir
<i>Notkun:</i>	Íbúðir (2)		

Lýsing: Húsið er tvílyft steinsteyppt hús, byggt árið 1945 eftir teikningum Guðmundar Gunnarssonar.
Húsið er svo til óbreytt frá upprunalegri gerð og er ástand hússins gott.

Varðveislumat:

Umhverfisgildi: Hefur gildi fyrir götummynd Hólabrautar austanverðar.
Upprunaleg gerð: Húsið er nánast óbreytt frá upprunalegri gerð.
Varðveislugildi: Ekki er talið að varðveislugildi hússins sé verulegt umfram önnur hús í húsaröðinni austan Hólabrautar, en húsaröðin í heild sinni hefur nokkuð gildi.



Hólabraut 22

<i>Byggingarár:</i>	1947	<i>Hönnuður:</i>	Tryggvi Jónatansson
<i>Aðal byggingarefni:</i>	Steinsteypa	<i>Klæðning:</i>	Múrsléttað
<i>Þakgerð:</i>	Valmaþak	<i>Þakklæðning:</i>	Bárujárn
<i>Undirstöður:</i>	Steinsteypur	<i>Útlit:</i>	Tvílyft, svalir
<i>Notkun:</i>	Íbúðir (2)		

Lýsing: Húsið er tvílyft steinsteyppt hús, byggt árið 1947 eftir teikningum Tryggva Jónatanssonar.
Húsið er svo til óbreytt frá upprunalegri gerð og er ástand hússins gott.

Varðveislumat:

Umhverfisgildi: Hefur gildi fyrir götummynd Hólabrautar austanverðar.
Upprunaleg gerð: Húsið er nánast óbreytt frá upprunalegri gerð.
Varðveislugildi: Ekki er talið að varðveislugildi hússins sé verulegt umfram önnur hús í húsaröðinni austan Hólabrautar, en húsaröðin í heild sinni hefur nokkuð gildi.



Gránufélagsgata 7

<i>Byggingarár:</i>	1912	<i>Hönnuður:</i>	Ókunnur
<i>Aðal byggingarefni:</i>	Steinsteypa	<i>Klæðning:</i>	Múrsléttað
<i>Þakgerð:</i>	Mænisþak	<i>Þakklæðning:</i>	Bárujárn
<i>Undirstöður:</i>	Steinsteypur	<i>Útlit:</i>	Tvílyft, ris
<i>Notkun:</i>	Íbúðir (2)		

Lýsing: Ingvar Ingvarsson sótti um að byggja hús á lóðinni í september árið 1912 og stóð húsið þá á horni Gránufélagsgötu og Túngötu (sem nú er aflögð). Húsið er tvílyft steinsteypu hús en hönnuður hússins er ókunnur. Húsið er svo til óbreytt frá upprunalegri gerð og er ástand hússins nokkuð gott.

Varðveislumat:

Umhverfisgildi: Hefur ekkert sérstakt umhverfisgildi en húsið stendur stakt við Gránufélagsgötu og því tilheyrir götumynd þess frekar Laxagötu, þrátt fyrir að gafl hússins snúi að Laxagötu.

Upprunaleg gerð: Húsið er nánast óbreytt frá upprunalegri gerð.

Varðveislugildi: Ekki er talið er að varðveislugildi hússins sé mikið og heldur ekki hluti þess í götumynd Gránufélagsgötu eða Laxagötu. Gert er ráð að húsið víki í gildandi deiliskipulagi.



Laxagata 2

<i>Byggingarár:</i>	1932	<i>Hönnuður:</i>	Halldór Halldórsson
<i>Aðal byggingarefni:</i>	Timbur/steinsteypa	<i>Klæðning:</i>	Bárujárn/múrhúðað
<i>Þakgerð:</i>	Mænisþak, kvistur	<i>Þakklæðning:</i>	Bárujárn
<i>Undirstöður:</i>	Steinsteyptar	<i>Útlit:</i>	Einlyft, kjallari, ris
<i>Notkun:</i>	Íbúðir (4)		

Lýsing: Jóni Stefánssyni kaupmanni var veitt heimild til að byggja hús við Laxagötu 2 árið 1932. Húsið er einlyft timburhús með kjallara og risi, byggt eftir teikningum Halldórs Halldórssonar. Húsið er svo til óbreytt frá upprunalegri gerð og er ástand hússins sæmilegt.

Varðveislumat:

Umhverfisgildi: Hefur gildi fyrir götumynd Laxagötu en einnig vegna byggingarstíls hússins en húsið er mjög reisulegt og áberandi í umhverfi sínu.

Upprunaleg gerð: Húsið er nánast óbreytt frá upprunalegri gerð.

Varðveislugildi: Talið er að húsið hafi nokkuð varðveislugildi en húsið myndar fallega ásynd með öðrum húsum við austanverða Laxagötu.



Laxagata 3a og 3b

<i>Byggingarár:</i>	1933	<i>Hönnuður:</i>	Tryggvi Jónatansson
<i>Aðal byggingarefni:</i>	Steinsteyppa	<i>Klæðning:</i>	Múrsléttað
<i>Þakgerð:</i>	Mænisþak	<i>Þakklæðning:</i>	Bárujárn
<i>Undirstöður:</i>	Steinsteyptar	<i>Útlit:</i>	Tvílyft, ris, svalir
<i>Notkun:</i>	Íbúðir (2)		

Lýsing: Ebenharð Jónsson fékk leyfi til að byggja hús við Laxagötu 3 árið 1933. Húsið er tvílyft steinsteypt parhús og er það byggt eftir teikningum Tryggva Jónatanssonar.

Árið 1995 var tvöföld bílgeymsla byggð norðvestan við núverandi hús. Bílgeymslan er úr timbri með mænisþaki sem klætt er bárujárn. Hönnuður bílgeymslu var Einar Jóhannsson.

Húsið er lítið breytt frá upprunalegri gerð og er ástand hússins gott.

Varðveislumat:

<i>Umhverfisgildi:</i>	Hefur gildi fyrir götumynd Laxagötu.
<i>Upprunaleg gerð:</i>	Húsið er nánast óbreytt frá upprunalegri gerð en bílgeymsla hefur verið byggð norðan hússins.
<i>Varðveislugildi:</i>	Talið er að húsið hafi nokkuð varðveislugildi en húsið hefur fallega ásýnd, staðsett við gangstétt meðfram Laxagötu vestanverðri.



Laxagata 4

<i>Byggingarár:</i>	1932	<i>Hönnuður:</i>	Tryggvi Jónatansson
<i>Aðal byggingarefni:</i>	Steinsteypa	<i>Klæðning:</i>	Múrsléttað
<i>Þakgerð:</i>	Mænisþak, kvistur	<i>Þakklæðning:</i>	Bárujárn
<i>Undirstöður:</i>	Steinsteyptar	<i>Útlit:</i>	Einlyft, kjallari, ris, svalir
<i>Notkun:</i>	Íbúð (1)		

Lýsing: Sigfúsi Grímssyni var veitt heimild til að byggja hús við Laxagötu 4 árið 1932. Húsið er einlyft steinsteypt hús með kjallara og risi, byggt eftir teikningum Tryggva Jónatanssonar.

Árið 1946 var byggð geymsla á baklóð við húsið og er hún steinsteypt með mænisþaki sem klætt er bárujárn. Hönnuður geymslu var Snorri Guðmundsson. Húsið og geymsla eru svo til óbreytt frá upprunalegri gerð og er ástand hússins gott og geymslunnar nokkuð gott.

Varðveislumat:

<i>Umhverfisgildi:</i>	Hefur gildi fyrir götumynd Laxagötu.
<i>Upprunaleg gerð:</i>	Húsið og geymslan eru nánast óbreytt frá upprunalegri gerð.
<i>Varðveislugildi:</i>	Ekki er talið að varðveislugildi hússins sé verulegt umfram önnur hús í húsaröðinni austan Laxagötu.



Laxagata 5

<i>Byggingarár:</i>	1933	<i>Hönnuður:</i>	Ókunnur
<i>Aðal byggingarefni:</i>	Timbur	<i>Klæðning:</i>	Járnklæðning
<i>Þakgerð:</i>	Mænisþak, turn	<i>Þakklæðning:</i>	Bárujárn, pappi
<i>Undirstöður:</i>	Steinsteyptar	<i>Útlit:</i>	Einlyft, turn
<i>Notkun:</i>	Afhelguð kirkja		

Lýsing: O.J. Olsen og O. Fenning sóttu um árið 1933 að byggja samkomuhús (kirkju) fyrir söfnuð Aðventista á lóð við Laxagötu 5. Heimild fékkst til að byggja húsið en auk þess að vera samkomuhús var á 1. hæð bæði stofa og eldhús. Í turnbyggingu voru tvö herbergi og kjallari var undir forstofu að austan og í honum geymsla. Húsið er svo til óbreytt frá upprunalegri gerð og er ástand hússins sæmilegt.

Varðveislumat:

Umhverfisgildi: Húsið hefur sem slíkt ekki mikið gildi fyrir götumynd Laxagötu þar sem það stendur mun innar á lóð sinni en önnur hús við götuna. Þá hefur húsið (sem fyrrverandi kirkja) mjög sérstakan byggingarstíl í samanburði við önnur hús í götunni.

Upprunaleg gerð: Húsið er nánast óbreytt frá upprunalegri gerð.

Varðveislugildi: Talið er að húsið hafi nokkuð gildi þar sem það er byggt sem kirkja Aðventista, þrátt fyrir að húsið hafi ekki verið í slíkri notkun um langa tíð.



Laxagata 6

<i>Byggingarár:</i>	1933	<i>Hönnuður:</i>	Árni Stefánsson
<i>Aðal byggingarefni:</i>	Timbur/steinsteypa	<i>Klæðning:</i>	Járnlæðning/múrhúðað
<i>Þakgerð:</i>	Mænisþak	<i>Þakklæðning:</i>	Bárujárn
<i>Undirstöður:</i>	Steinsteypur	<i>Útlit:</i>	Einlyft, kjallari, ris
<i>Notkun:</i>	Íbúð (1)		

Lýsing: Ólafi Magnússyni var veitt heimild til að byggja hús við Laxagötu 6 árið 1933. Húsið er einlyft timburhús með steinsteiptum kjallara og er það byggt eftir teikningum Árna Stefánssonar. Síðar var byggður bílskúr við húsið til norðurs en ekki eru til upplýsingar um hvaða ár það var. Húsið er svo til óbreytt frá upprunalegri gerð og er ástand hússins gott. Nýlega hefur bílskúr verið breytt í forstofu og hann verið timburklæddur að utan.

Varðveislumat:

Umhverfisgildi: Hefur gildi fyrir götmynd Laxagötu.

Upprunaleg gerð: Húsið er að mestu óbreytt frá upprunalegri gerð.

Varðveislugildi: Ekki er talið að varðveislugildi hússins sé verulegt umfram önnur hús í húsaröðinni austan Laxagötu.



Laxagata 7

<i>Byggingarár:</i>	1943	<i>Hönnuður:</i>	Snorri Guðmundsson
<i>Aðal byggingarefni:</i>	Steinsteypa	<i>Klæðning:</i>	Steining (skeljamulningur)
<i>Þakgerð:</i>	Valmaþak	<i>Þakklæðning:</i>	Bárujárn
<i>Undirstöður:</i>	Steinsteyptar	<i>Útlit:</i>	Tvílyft, svalir
<i>Notkun:</i>	Íbúðir (2)		

Lýsing: Eiríkur Einarsson fékk leyfi til að byggja hús við Laxagötu 7 árið 1943. Húsið er tvílyft steinsteyppt hús og er það byggt eftir teikningum Snorra Guðmundssonar. Árið 1958 var byggt við hluta eftir hæðar eftir teikningu Snorra Guðmundssonar. Húsið er svo til óbreytt frá upprunalegri gerð og er ástand hússins nokkuð gott.

Varðveislumat:

<i>Umhverfisgildi:</i>	Hefur gildi fyrir götumynd Laxagötu.
<i>Upprunaleg gerð:</i>	Húsið er nánast óbreytt frá upprunalegri gerð.
<i>Varðveislugildi:</i>	Ekki er talið að varðveislugildi hússins sé verulegt umfram önnur hús í húsaröðinni vestan Laxagötu.



Laxagata 8

<i>Byggingarár:</i>	1935	<i>Hönnuður:</i>	Stefán G. Reykjalín
<i>Aðal byggingarefni:</i>	Steinsteypa	<i>Klæðning:</i>	Steining (skeljamulningur)
<i>Þakgerð:</i>	Mænisþak, kvisur	<i>Þakklæðning:</i>	Bárujárn
<i>Undirstöður:</i>	Steinsteyptar	<i>Útlit:</i>	Einlyft, kjallari, ris, svalir
<i>Notkun:</i>	Íbúð (1)		

Lýsing: Húsið er einlyft steinsteypt hús með kjallara og risi, byggt árið 1935 eftir teikningum Stefáns G. Reykjalín. Kvistur var byggður síðar á húsið en ekki fundust upplýsingar um hvaða ár það var. Húsið er svo til óbreytt frá upprunalegri gerð og er ástand hússins nokkuð gott.

Varðveislumat:

<i>Umhverfisgildi:</i>	Hefur gildi fyrir götumynd Laxagötu.
<i>Upprunaleg gerð:</i>	Húsið er nánast óbreytt frá upprunalegri gerð.
<i>Varðveislugildi:</i>	Ekki er talið er að varðveislugildi hússins sé verulegt umfram önnur hús í húsaröðinni austan Laxagötu.

Heimildaskrá

Óprentaðar heimildir:

Héraðsskjalasafnið á Akureyri (Hskjs. Ak):

Jónsbók, II bindi. Lóðir og hús á Akureyri til ársins 1933.

Fundargerðir bygginganefndar (vérlitað) 1902-1921.

Fundargerðir bygginganefndar (vérlitað) 1921-1930.

Fundargerðir bygginganefndar (vérlitað) 1930-1935.

Fundargerðir bygginganefndar (vérlitað) 1935-1941.

Fundargerðir bygginganefndar (vérlitað) 1941-1944.

Fundargerðir bygginganefndar (vérlitað) 1948-1961.

Skipulagsdeild Akureyrarbæjar:

Teikningasafn: Húsateikningar.

Prentaðar heimildir:

Jón Hjaltason: Saga Akureyrar III. Akureyri, 2000.

Jón Hjaltason: Saga Akureyrar IV. Akureyri, 2004.

Jón Hjaltason: Saga Akureyrar V. Akureyri, 2009.

Steindór Steindórsson: Akureyri, höfuðborg hins bjarta norðurs. Reykjavík, 1993.

Þorsteinn Gunnarsson: Miðbær Akureyrar 1979, varðveisla og húsvernd. Akureyri, 1979.